

# SKÓLANÁMSKRÁ SALASKÓLA



*Skólanámskrá Salaskóla byggir á lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu Kópavogsbæjar, heimsmarkmiðum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hún leitast við að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu skólans og þeim staðbundnu áherslum sem hér er að finna ásamt því að gera grein fyrir hvernig þær eru nýttar til að efla nám og kennslu.*



## Starfsemi Salaskóla og helstu atriði í þróun hans

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólinn er í Salahverfi, í Leirdal, sem liggur norðan við Rjúpnahæð í Kópavogi. Á fyrsta skólaári voru nemendur um 70 í 1. - 4. bekk. Árið eftir var 5. - 7. bekk bætt við og síðan óx skólinn upp í heildstæðan skóla með allt að 600 nemendum.

Þegar skólinn tók til starfa var lagður sá grunnur að hugmyndafræði sem skólinn hefur starfað eftir æ síðan. Strax í upphafi var sótt í **fjölgreindakenningu Howards Gardners** og hún hefur alla tíð verið kjölfestan í hugmyndafræði skólans. Þar skipa framsækni og

skólaþróun veglegan sess og nemendur og hagsmunir þeirra ávallt í fyrsta sæti. Skólinn hefur lagt áherslu á að byggja á sterkum hliðum sérhvers nemanda og að allir eiga að fá frelsi til að njóta sín sem einstaklingur sem og í hóp. Umhverfismál, jafnréttismál, heilsuefling og gott samstarf foreldra og skóla hafa vegið þungt í skólastarfinu og þannig hefur tekist að festa hugmyndafræðina í sessi og gera hana að hryggjarstykki í menningu skólans.

Skólinn hefur alltaf búið við góða aðstöðu, þó vissulega sé stundum þröngt um starfsemina vegna fjölda nemenda. Húsnæði skólans er hlýlegt og gott og skólinn er vel búinn kennslugögnum og tækjum. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Tvær lausar kennslustofur eru á lóð skólans en þær eru nýttar til að mæta þeim fjölda nemenda sem er í skólanum um þessar mundir.

Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur mikla möguleika til kennslu. Skammt frá skólanum eru frábær útivistarsvæði. Fremur stutt er í bæði Elliðavatn og Vífilsstaðavatn og í næsta nágrenni skólans er kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu og hún hefur verið endurbætt mikið á síðustu árum. Hún er fjölbreytt,



með völlum og leiktækjum. Skammt frá skólanum er útikennslustofan okkar, Rjúpnalundur.

Salaskóli hefur á að skipa fjölbreyttum hópi starfsmanna og mikill stöðugleiki hefur verið í starfshópnum. Að námi og kennslu nemenda koma mismunandi fagstéttir, s.s. kennarar af ýmsu tagi, þroskaþjálfar, félagsráðgjafar o.fl. Þá er fjölbreytt flóra þeirra starfsmanna sem vinna önnur störf sem sum krefjast sérstakrar menntunar en önnur ekki.

Skólaþróun er mikilvægur hluti af menningu skólans. Fjöldmörg góð verkefni hafa verið sett af stað í skólanum sem sum hafa verið tekin upp af öðrum skólum. Þar má t.d. nefna fjölgreindaleika, morgunkaffi stjórnenda með foreldrum, daglegir standandi fundir o.fl. Þá hefur skólinn unnið fjöldmörg þróunarverkefni m.a. á sviði umhverfismála, notkun snjalltækja í námi og kennslu, fjármálafræðslu, þemavinnu í kennslu, brottfalls nemenda úr skóla, nýsköpunar, aldursblöndunar svo eitthvað sé nefnt. Í skólanum hefur skákkennsla skipað veglegan sess og margir nemendur náð þar góðum árangri.

## Stefna skólans

Salaskóli er framsækinn skóli sem byggir starf sitt og þróun á reynslu og rannsóknum. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti og við leggjum þunga áherslu á að nemendur byggi upp sjálfstraust og sjálfsaga sem nýtist þeim í hvers kyns aðstæðum seinna meir.



Merki Salaskóla skiptist í þrennt og á hvert stig sitt tákni í því. Hændurnar sem mynda hús eru tákni yngsta stigs og tákna umhyggju. Eplið er tákni miðstigs og tákna ávöxtinn sem dafnar og grær í hverjum einstaklingi og fuglinn er tákni unglingsstigs hann stendur fyrir það sjálfstæði sem nemendur öðlast á þessu stigi sem að lokum leiðir til þess að þeir fljúga burt fullnuma úr grunnskólanum og tilbúnir að takast á við ný viðfangsefni.

## Gildi og einkunnarorð

Gildi Salaskóla og einkunnarorð eru **virðing – samstarf – vinátta**. Þau eru leiðarljós okkar í skólastarfinu og við syngjum um þau í skólasöngnum. Skólasamfélagið á að vera

gegnsýrt af þessu og hver sá sem kemur inn í skólann á að skynja að hér er borin virðing fyrir öllum, hér vinna einstaklingar saman og hér ríkir andi vináttu.

## Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Salaskóli vinnur í anda **uppbyggingarstefnu**, uppeldis til ábyrgðar. Við leggjum áherslu á að nemendur taki ábyrgð á sjálfum sér og hegðun sinni. Til þess notum við aðferðir uppeldis til ábyrgðar sem helgast af fyrirbyggjandi starfi og samræðum. Nemendur taka þátt í að setja mörk í samskiptum og viðbrögð við óæskilegri hegðun eru uppbyggileg.

Salaskóli er heilsueflandi grunnskóli og leggur því ríka áherslu á hreyfingu, vellíðan, öryggi og lífsleikni í öllu starfi.

Salaskóli er **UNESCO-skóli** og byggir því stefnu sína á hinum 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Við einsetjum okkur að nemendur, starfsfólk og allt skólasamfélagið leggi sig fram við að gera það sem það er megnugt til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Við hugsum vel um okkur sjálf, umhverfi okkar og hvert annað. Saman lærum við að vera góðar manneskjur, öðlast fjölbreytta þekkingu, koma góðum hlutum í framkvæmd og lifa saman í sátt og samlyndi.

Kópavogsbær hefur valið 34 undirmarkmið heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem grundvöll sinnar stefnu. Salaskóli horfir til þeirra í starfi sínu og námi nemenda.



Grunnþættir menntunar skipa veglegan sess bæði í námi og starfsháttum skólans. Grunnþættirnir eru *læsi, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun og jafnrétti*. Kennslufræðileg stefna Salaskóla byggir á því að einstaklingar eru ólíkir, búa yfir mismunandi styrkleikum og hafa alls konar langanir og þrár. Hún hvílir á:

1. aðalnámskrá grunnskóla
2. grunnþáttum menntunar
3. stefnu Kópavogsbæjar
4. heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna
5. gildum Salaskóla, virðingu, samstarfi og vináttu.

*Helstu áhersluatriði Salaskóla í námi og starfi eru:*

- að leggja áherslu á að allir fái notið sín sem einstaklingar og í hóp og horfum til sterkra hliða sérhvers nemanda eða starfsmanns.
- að leggja áherslu á að kenna nemendum að rækta með sér góð gildi og að þeir temji sér góða framkomu, virðingu í garð annarra og góð og öguð vinnubrögð.
- að leggja áherslu á verndum umhverfisins og sjálfbærni.
- að leggja áherslu á nýsköpun og þróun í námi og kennslu sem og í skólastarfinu almennt.
- að skilgreina kynin í sinni víðustu mynd og leggjum áherslu á að þau fái að njóta sín á jafnréttisgrundvelli.
- að leggja áherslu á heilbrigði og holla lífshætti.
- að leggja áherslu á að við deilum jörðinni með öðrum jarðarbúum og að við getum lagt okkar að mörkum til að gera heiminn betri.
- að byggja á menningararfleifðinni og um leið aukum við víðsýni okkar bæði í námi og kennslu.
- að leggja áherslu á gott samstarf skóla og foreldra og að það er forsenda góðs skólastarfs.

## Sérstakar áherslur í námi og kennslu

Kennarar á öllum skólastigum vinna í teymlum með hvern árgang. Nemendum er skipt í námshópa sem geta verið breytilegir eftir viðfangsefnum og tímabilum.

Á yngsta stigi vinnum við eftir hugmyndafræði byrjendalæsis þar sem lestur og vinna með texta skipar veglegan sess. Stuðst er við gagnreyndar lestrarkennsluaðferðir og kapp lagt á að nemendur nái fljótt og vel góðri lestrartækni. Áhersla er lögð á gæði fremur en hraðan lestur. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflið, hvetur þau til gagnrýninnar hugsunar og gefur þeim tækifæri til að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margskonar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi.

Á öllum stigum og í öllum námsgreinum er unnið markvisst að því að auka orðaforða nemenda. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að nemendur lesi mikið, bæði í skólanum og heima. Þá eru nemendur þjálfaðir í ritun og einkum að skrifa vandaðan texta frá eigin brjósti.

Umhverfismennt er ríkur þáttur í kennslunni á öllum stigum og með útikennslu er á áþreifanlegan hátt stuðlað að því að nemendur beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu.

Áhersla er lögð á að á öllum stigum er hluti námsins unnin með þverfaglegum verkefnum. Þar hafa nemendur talsvert val um viðfangsefni og vinnuaðferðir.

Skapandi starfi er fléttað inn í allar námsgreinar. List- og verkgreinar eru í eðli sínu skapandi en mikilvægt er að nemendur fái einnig útrás fyrir sköpunarkraftinn í hinum hefðbundnu bóknámsgreinum. Við ýtum undir frjálstan leik nemenda í útivist. Hlustum eftir hugmyndum og hvetjum þau til frumkvæðis.

Við stuðlum að styrkri sjálfsmynd nemenda með jákvæðri hvatningu og með því að ýta undir sterkar hliðar hvers og eins eftir því sem mögulegt er. Viðfangsefni og vinnulag er gjarnan sniðið að einstökum nemendum í þessu skyni. Dæmi um það eru

fjölgreindaleikar sem eru einu sinni á ári, tvo daga í senn. Þeir er mikilvægur þáttur í náminu þar sem nemendur á aldrinum 6 - 15 ára vinna saman að lausn margs konar verkefna. Eldri nemendur fá leiðtogaþjálfun með því að stýra starfi síns hóps og allir nemendur þjálfast í samskiptum við börn á öllum aldri.

Með uppeldi til ábyrgðar stuðlum við að góðum samskiptum og eflum hæfni nemenda til að leysa sjálfir úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Við leggjum áherslu á samræður, bæði til að leggja línur fyrir verkefni dagsins, velta vöngum yfir ýmsum málefnum og til að bæta samskipti. Nemendur taka þátt í að móta nám sitt að nokkru leyti og þeir hafa nokkurt val um viðfangsefni.

List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum. Þar er lögð áhersla á handverk, sköpun, nýsköpun og frumkvöðlahugsun í margvíslegri mynd og vinnu með ýmis konar tækni, gamla og nýja.

Reglulegar vettvangsferðir og útikennsla er mikilvægur hluti af skólastarfinu. Þá gefst nemendum tækifæri til náms á vettvangi og læra á umhverfi sitt.

Við viljum samstarf og samvinnu aðila skólasamfélagsins til að þróa áfram gott skólastarf og móta stefnu skólans. Við sköpum vettvang fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk til að leggja fram hugmyndir og hafa áhrif á skólastarfið. Nemendur eru `allir félagar í skólafélagi skólans og þeir taka þátt í árlegu skólaþingi. Leitað er hugmynda foreldra á árlegum fundum þeirra með skólastjórnendum.. Við leggjum áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð í námi og starfi.

Heilsuefling nær bæði til sálar og líkama. Hreyfing er öllum nauðsynleg og mikilvægt að nemendur fái útrás fyrir þá þörf sína á hverjum degi. Við leggjum áherslu á að nemendur í 1. - 7. bekk hreyfi sig í útivist tvisvar á dag og auk þess viljum við draga sem mest úr setu allra nemenda við vinnu sína í skólanum. Við mótum námsumhverfið þannig að það örvi hug þeirra og gefi þeim færi á að vinna verk sín víðar en sitjandi við skólaborð. Verkefni sem þeir vinna eiga að bjóða upp á hreyfingu. Núvitund fær sitt rými í skólastarfinu og við bjóðum nemendum einnig upp á yoga og slökun. Við leggjum áherslu á að maturinn sem boðið er upp á í matartímum sé bæði fjölbreyttur og hollur og við vinnum gegn

matarsóun. Við stuðlum að góðum og jákvæðum samskiptum milli nemenda og að almennri vellíðan þeirra.

## Námsmat og vitnisburðarkerfi

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp. Hverjum kennara ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat í Salaskóla byggir á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og þeim matsviðmiðum sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Tvisvar á ári fá nemendur vitnisburð, annars vegar er stöðumat í janúar sem fylgt er eftir með viðtali og vitnisburð í lok skólaárs. Það er jafnframt einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Við vonum að með því getum við gefið betri mynd af stöðu nemenda í náminu og gleggri upplýsingar. Við vonum líka að þessi leið stuðli að betri og jákvæðari sjálfsm mynd allra nemenda en fátt er mikilvægara nú á tímum. Við viljum hvetja foreldra til að lesa umsagnirnar með börnum sínum og fagna þeim árangri sem náðst hefur. Fátt er börnunum meiri hvatning en fölskvalaus gleði yfir góðum afrekum þeirra.

## Mat á skólastarfi

Salaskóli hefur lengi unnið að því að koma upp eigin sjálfsmatskerfi. Kerfið hefur þróast og mótast í tímanna rás og er nú orðið býsna viðtækt. Unnið er skv. matsáætlun og á þriggja ára fresti gefur skólinn út ítarlega matskýrslu sem byggir á matsvinnu síðustu ára. Sérstakur matshópur, skipaður fulltrúum starfsmanna, nemenda og foreldra hefur haldið utan um mat á skólastarfinu.

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er gerð könnun á líðan og viðhorfum nemenda í 6. – 10. bekk og er það Skólapúlsinn sem framkvæmir þá könnun. Þar fáum við mikilvægan samanburð við aðra sambærilega skóla á landinu. Skólapúlsinn leggur viðhorfakönnun fyrir foreldra annað hvert ár, jafnframt því sem hann kannar viðhorf starfsmanna skólans. Morgunkaffi hefur einnig verið til staðar fyrir foreldra, en þegar slíkir fundir eru fylla þeir út könnun um góða þætti í starfi Salaskóla og hvað, ef eitthvað er, mætti bæta. Auk þess eru óreglulega lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra eða starfsmenn varðandi ýmsa þætti skólastarfsins.



Þá höfum við einnig smátt og smátt verið að þróa aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu. Við höfum haldið skólaþing nemenda í 5. – 10. bekk þar sem litlir hópar nemenda á ólíkum aldri ræða ýmis mál er snerta nám og félagslíf. Við höfum haldið með þeim kaffihúsafundi, þar sem þeir draga fram það sem gott er við skólann, það sem má bæta og hvernig má bæta það. Einnig er verkefni í þjóðfélagsfræði í 10. bekk orðið fastur liður en þá búa 10. bekkingar til stjórnmalaflokka sem bjóða fram til kosninga og þar eru skólamálin viðfangsefni. Framboðsfundur er haldinn þar sem þeir kynna stefnu sína og umbótamál og allir nemendur í 8. – 10. bekk kjósa svo þann flokk sem þeim lýst best á. Þeir sem flest atkvæði fá funda svo með stjórnendum og skólaráði og kynna áherslu mál sín. Þetta hefur nýst afar vel í umbótastarfi í skólanum.

Umbætur í skólastarfinu sem unnið verður að í vetur byggja á þeim gögnum sem fást í gegnum þá vinnu sem nefnd er hér að ofan. Stórt verkefni snýr að breyttum kennsluháttum á öllum aldurstigum. Innleiðing spjaldtölva hefur sl. ár verið hluti af því verkefni. Innleiðing þeirra hefur gengið vel í skólanum og nú er miklu meiri áhersla lögð á breytta kennsluhætti m.t.t. skóla án aðgreiningar. Einnig er unnið að umbótum á námsmati skólans og nýtingu á Mentor sem samskiptatæki við foreldra. Frekari upplýsingar um mat á skólastarfi í Salaskóla og matsskýrslur er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

## Samstarf heimila og skóla

Umsjónarkennari verður í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Boðið er upp á foreldraviðtöl svo oft sem þurfa þykir en slík viðtöl eru a.m.k. tvisvar á skólaári. Koma foreldrar þá í skólann á fund umsjónarkennara. Umsjónarkennari og foreldrar hafa einnig samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum. Í upphafi skólaársins verður kynning á starfsáætlun skólans og á starfinu í hverjum árgangi. Morgunkaffi stjórnenda og námskynningar kennara eru þar sett í einn viðburð. Fleiri fundir kunna að verða þar sem rætt er um ákveðin málefni. Annað foreldrastarf er sem hér segir:

- Kennarar og skólastjórnendur eru með símaviðtalstíma daglega.
- Mentor er upplýsingasíða skólans fyrir foreldra

- Kennarar senda upplýsingar um starfið í bekknum á mentor og foreldrar þurfa því að fylgjast vel með þar
- Heimasíða skólans er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir foreldra.
- Facebooksíða skólans er hugsuð til að koma skilaboðum af ýmsu tagi fljótt til foreldra. Þar má nefna t.d. tapað – fundið, tilboð um tómstundastarf, stuttar tilkynningar og annað slíkt.
- Foreldrar eiga að geta sinnt sem flestum erindum sínum við skólann í gegnum mentor
- Foreldrar geta, í samráði við kennara, heimsótt skólann og fengið að taka þátt í skólastarfinu.
- Hver bekkur er með sýningu á sal a.m.k. einu sinni yfir veturinn og eru foreldrar þá boðnir á sýninguna.
- Ýmsar skemmtanir verða sem foreldrum er boðið á.
- Sérstök fræðsla um skólamál er fyrir foreldra yngstu barnanna vorið áður en börnin koma í skólann.
- Skólaráð fundar mánaðarlega með skólastjórnendum
- Starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa er skipulagt af foreldrum.

## **Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla**

Í Salahverfi eru tveir leikskólar, Fífusalir og Rjúpnahæð. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Salaskóla og heimsækja 5 ára nemendur leikskólanna Salaskóla. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnæði Salaskóla og dægradvöl Salaskóla er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólasetningu. Þetta gerir skólabyrjun þeirra í Salaskóla auðveldu og vinalega.

Salaskóli á í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi sem býður 10. bekkjum upp á verklegt val í matvælagreinum og staðnám í stærðfræði og tungumálum. Auk þessa geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga í fjarnámi í t.d. Ármúlaskóla eða Verslunarskólanum.

